

elsanna að flytja þá úr Hegningarhúsinu til vistunar í vinnuhæli. Sama gildir um þá sem afplána vararefsingu vegna fjársektar.

Sé ekki rými fyrir hendi í Hegningarhúsinu fyrir þá sem fullnustuaðilar óska eftir að séu þar teknir til vistunar, skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja fanga í önnur fangahús eftir því sem unnt kann að vera, en ella skrá slíka fanga á biðlista.

Sé þörf á nýtingu vistrýmis í Hegningarhúsinu til vistunar gæslufanga skal yfirmaður fangelsisins gera ráðstafanir til þess að flytja brott úr fangelsinu þá fanga sem þar eru til afplánunar vararefsingar eða varðhaldsrefsingar.

Fanga sem afplána refsingu í vinnuhælum en dvelja þurfa um stundarsakir í Reykjavík skal að jafnaði vista í Hegningarhúsinu meðan á dvöl þeirra í Reykjavík stendur.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 13. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Nr. 317.

11. ágúst 1977.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt skipulagsmálum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. ágúst 1977 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvamshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er skipulagsuppdráttur af Vík í Mýrdal, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 24. apríl 1970, nr. 77/1970, úr gildi fellur.

Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 318.

25. ágúst 1977.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík
nr. 2 7. janúar 1930.**

1. gr.

3. og 4. málsg. 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 258 24. nóvember 1969, nr. 79 29. apríl 1974 og nr. 468 22. október 1975, orðist svo: